# Síldarvinnslan hf.

## Samandreginn árshlutareikningur
## samstæðu 1. janúar - 31. mars 2021

## Efnisyfirlit

| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ | **2** |
| Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 ........ | **3** |
| Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 ........ | **4** |
| Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2021 ........ | **5 - 6** |
| Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 ........ | **7** |
| Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 ........ | **8** |
| Skýringar ........ | **9 - 13** |

**Síldarvinnslan hf.**
Kennitala 570269-7479
Hafnarbraut 6, Neskaupstað

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Árshlutareikningur Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn er samandreginn samstæðureikningur Síldarvinnslunnar hf. og dótturfélaga þess, Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjunni Laxá hf., Fjárfestingafélaginu Vör ehf., Runólfi Hallfreðssyni ehf., Seley ehf. og SVN eignafélagi ehf., sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 52,4 milljón dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 21,1 milljón dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 611,4 milljónum dollara í lok tímabilsins og eigið fé nam 356,1 milljón dollara, að meðtaldri hlutdeild minnihluta. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 58,2%.

Á hluthafafundi Síldarvinnslunnar, sem haldinn var þann 26. mars 2021, var tekin ákvörðun um að færa eignarhlut félagsins í dótturfélaginu SVN eignafélagi ehf. að öllu leyti til hluthafa með arðgreiðslu. Sjá nánar skýringu 8.

Kaup á öllum eignarhlutum í Bergi ehf. voru endanlega samþykkt af Samkeppniseftirlitinu þann 25. febrúar 2021 og er félagið hluti af samstæðu Síldarvinnslunnar ehf. frá þeim tíma. Fjallað er um kaupin og áhrif þeirra á samstæðuna í skýringu 7.

Í lok febrúar var gengið frá endurfjármögnun á langtímalánum samstæðunnar við Nordea banka. Í maí var skammtímaskuldum samstæðunnar við Landsbankann breytt í langtímaskuldir. Sjá nánar skýringu 5.

Nokkur óvissa er enn um horfur á helstu mörkuðum samstæðunnar vegna Covid-19, en á heildina litið hafa fjárhagsleg áhrif heimsfaraldursins á samstæðuna ekki verið veruleg hingað til. Samstæðan er sem fyrr vel í stakk búin til þess að mæta áframhaldandi óvissu vegna faraldursins þar sem fjárhagsstaða hennar er sterk og það er mat stjórnenda að með aukinni bólusetningu gegn þeirri veiru sem veldur Covid-19 þá styrkist markaðir samstæðunnar og öryggi í rekstri.

## Atburðir eftir lok reikningskiladags

Gengið var frá skráningu á hlutabréfum Síldarvinnslunnar á aðallista Nasdaq Ísland í maí 2021 og hófust viðskipti með hlutabréf félagsins þann 27. maí.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2021. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 31. maí 2021.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Björk Þórarinsdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Ingi Jóhann Guðmundsson
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021

| | Skýringar | 2021<br>1.1-31.3 | 2020<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Seldar vörur | | 51.851.471 | 27.963.887 |
| Aðrar tekjur | | 525.854 | 146.945 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 0 | 1.213.500 |
| | | 52.377.325 | 29.324.332 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 18.783.946 | 12.190.667 |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | | 12.398.501 | 7.898.863 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 1.324.358 | 945.716 |
| | | 32.506.805 | 21.035.246 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | 19.870.520 | 8.289.086 |
| Afskriftir fastafjármuna | | 2.541.974 | 2.502.377 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 17.328.546 | 5.786.709 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 202.363 | 82.820 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (1.007.867) | (798.578) |
| Gengismunur | | 1.275.052 | (3.719.918) |
| Gjöld af verðbréfum og afleiðusamningum | | 3.371.157 | (9.271.856) |
| | | 3.840.705 | (13.707.532) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | 4.080.643 | (1.330.423) |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | | 25.249.894 | (9.251.246) |
| Tekjuskattur | | (4.186.090) | 1.584.164 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | 21.063.804 | (7.667.082) |
| Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt: | | | |
| Eigendur félagsins | | 20.820.129 | (7.711.788) |
| Hlutdeild minnihluta | | 243.675 | 44.706 |
| | | 21.063.804 | (7.667.082) |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Hagnaður (tap) eigenda félagsins á útistandandi hlut | | 0,0124 | (0,0046) |
| **Starfsþáttayfirlit** | 3 | | |

# Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021

| | 2021<br>1.1-31.3 | 2020<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | 21.063.804 | (7.667.082) |
| **Önnur heildarafkoma** | | |
| *Liðir sem endurflokkaðir eru yfir rekstur:* | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum | 231.319 | (916.751) |
| Áhættuvarnir vegna langtímaskulda | 736.812 | 0 |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 22.031.935 | (8.583.833) |
| Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt: | | |
| Eigendur félagsins | 21.755.088 | (8.158.319) |
| Hlutdeild minnihluta | 276.847 | (425.514) |
| | 22.031.935 | (8.583.833) |

# Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2021

| Eignir | Skýringar | 31.3.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Fiskveiðiheimildir | | 273.555.131 | 227.077.803 |
| | | 273.555.131 | 227.077.803 |
| Rekstrarfjármunir: | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 133.034.543 | 127.496.484 |
| Skip í smíðum | 9 | 33.169.600 | 20.288.960 |
| Leiguréttindi | | 1.152.369 | 1.162.392 |
| | | 167.356.512 | 148.947.836 |
| Fjárfestingar: | | | |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 8 | 39.516.786 | 38.773.169 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 1.900.033 | 1.651.988 |
| | | 41.416.819 | 40.425.157 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 482.328.462 | 416.450.796 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skuldabréfaeign | | 27.211 | 394.298 |
| Birgðir | 4 | 33.574.064 | 26.224.059 |
| Viðskiptakröfur | | 10.943.405 | 7.415.582 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 4.717.310 | 1.827.215 |
| Kröfur á tengd félög | 6 | 24.083.164 | 26.128.241 |
| Handbært fé | | 54.198.356 | 90.119.415 |
| | | 127.543.510 | 152.108.810 |
| Fastafjármunir sem haldið er til sölu | | 1.567.591 | 1.567.591 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 129.111.101 | 153.676.401 |
| **Eignir samtals** | | 611.439.563 | 570.127.197 |

# Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2021

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 31.3.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 13.967.526 | 13.967.526 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 10.070.499 | 10.070.499 |
| Annað bundið eigið fé | | 41.626.897 | 33.240.148 |
| Óráðstafað eigið fé | | 285.926.244 | 324.809.669 |
| | | 351.591.166 | 382.087.842 |
| Hlutdeild minnihluta | | 4.461.116 | 4.184.269 |
| | | 356.052.282 | 386.272.111 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 5 | 88.998.826 | 33.375.248 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 49.755.901 | 39.967.342 |
| | | 138.754.727 | 73.342.590 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 5 | 27.627.559 | 27.913.254 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 5 | 6.824.844 | 54.647.863 |
| Reiknaðir skattar ársins | | 4.205.199 | 9.027.842 |
| Viðskiptaskuldir | | 6.575.712 | 7.335.248 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8 | 70.441.791 | 10.936.990 |
| Skuldir við tengd félög | 6 | 957.449 | 651.299 |
| | | 116.632.554 | 110.512.496 |
| **Skuldir samtals** | | 255.387.281 | 183.855.086 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 611.439.563 | 570.127.197 |
| **Aðrar upplýsingar** | 9 | | |

# Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 31. mars 2021:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun ...................... | 13.967.526 | 10.070.499 | 33.240.148 | 324.809.669 | 4.184.269 | 386.272.111 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ................ | | | | 20.820.129 | 243.675 | 21.063.804 |
| Þýðingarmunur ........................ | | | 198.147 | | 33.172 | 231.319 |
| Áhættuvörn | | | | | | |
| vaxtaskiptasamninga ............ | | | 921.015 | | | 921.015 |
| Tekjuskattsáhrif ...................... | | | (184.203) | | | (184.203) |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ........... | | | 7.216.155 | (7.216.155) | | 0 |
| - gangvirðisreikningur ............ | | | 235.635 | (235.635) | | 0 |
| | 0 | 0 | 8.386.749 | 13.368.339 | 276.847 | 22.031.935 |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Ákvarðaður arður (skýr. 8) ....... | | | | (52.251.764) | | (52.251.764) |
| | 0 | 0 | 0 | (52.251.764) | 0 | (52.251.764) |
| Staða í lok tímabils .................. | 13.967.526 | 10.070.499 | 41.626.897 | 285.926.244 | 4.461.116 | 356.052.282 |

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 31. mars 2020:** | | | | | | |
| Staða í ársbyrjun ...................... | 13.968.088 | 10.080.057 | 23.703.309 | 310.508.027 | 3.824.601 | 362.084.082 |
| *Heildarafkoma:* | | | | | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins ....... | | | | (7.711.788) | 44.706 | (7.667.082) |
| Þýðingarmunur ........................ | | | (446.531) | | (470.220) | (916.751) |
| Bundinn | | | | | | |
| - hlutdeildarreikningur ........... | | | (4.510.593) | 4.510.593 | | 0 |
| | 0 | 0 | (4.957.124) | (3.201.195) | (425.514) | (8.583.833) |
| *Eigendur:* | | | | | | |
| Keyptir eigin hlutir .................... | (30) | (523) | | | | (553) |
| | (30) | (523) | 0 | 0 | 0 | (553) |
| Staða í lok tímabils .................. | 13.968.058 | 10.079.534 | 18.746.185 | 307.306.832 | 3.399.087 | 353.499.696 |

# Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021

| | Skýringar | 2021<br>1.1-31.3 | 2020<br>1.1-31.3 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 21.063.804 | (7.667.082) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 2.541.974 | 2.502.377 |
| Aðrir liðir | | (4.402.184) | 10.364.610 |
| Hreint veltufé frá rekstri | | 19.203.594 | 5.199.905 |
| (Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (9.465.524) | 10.443.556 |
| Birgðir | | (7.283.941) | 7.253.758 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 6.811.317 | (559.613) |
| | | (9.938.148) | 17.137.701 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 9.265.446 | 22.337.606 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | (4.685.567) | (783.966) |
| Fjárfest í skipum í smíðum | | (12.880.640) | 0 |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 0 | 1.213.500 |
| Seldir eignarhlutar í öðrum félögum | | 1.171 | 0 |
| Fjárfesting í nýju félagi í samstæðu | 7 | (39.460.627) | 0 |
| Arður frá hlutdeildarfélögum | | 3.015.545 | 0 |
| | | (54.010.118) | 429.534 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | | 79.543.350 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | | (70.155.765) | (19.545.722) |
| Viðskipti með eigin bréf | | 0 | (553) |
| Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | (478.001) | 0 |
| | | 8.909.584 | (19.546.275) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (35.835.088) | 3.220.865 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 90.119.415 | 48.633.026 |
| Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga | | (85.971) | (620.719) |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 54.198.356 | 51.233.172 |

| | | |
|---|---|---|
| **Aðrar upplýsingar** | | |
| Innborgaðir vextir og gengismunur | 906.256 | 82.485 |
| Greiddir vextir og gengismunur | (671.911) | (2.271.192) |
| Greiddir skattar | (901.271) | (900.473) |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. (,,félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem ,,samstæðunnar" og til einstakra félaga sem ,,samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 inniheldur í fyrsta sinn rekstur og efnahag Bergs ehf.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundi félagsins þann 31. maí 2021.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2020.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2020. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Starfsþáttayfirlit

| | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1 - 31.3 2021** | | | | | | |
| Seldar vörur .......................... | 27.010.855 | 38.235.422 | 5.206.657 | (15.431.663) | (3.169.800) | 51.851.471 |
| Aðrar tekjur ........................... | 0 | 0 | 525.854 | 0 | 0 | 525.854 |
| Kostnaðarverð | | | | | | |
| seldra vara ......................... | 7.672.980 | 25.184.008 | 4.528.421 | (15.431.663) | (3.169.800) | 18.783.946 |
| Laun ...................................... | 8.909.747 | 2.649.116 | 839.638 | 0 | 0 | 12.398.501 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | 396.050 | 190.727 | 737.581 | 0 | 0 | 1.324.358 |
| Rekstrarhagnaður | | | | | | |
| fyrir afskriftir ....................... | 10.032.078 | 10.211.571 | (373.129) | 0 | 0 | 19.870.520 |
| Afskriftir fastafjármuna ........... | (1.455.159) | (1.034.203) | (52.612) | 0 | 0 | (2.541.974) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | 3.840.705 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | 4.080.643 |
| Tekjuskattur .......................... | | | | | | (4.186.090) |
| Hagnaður ársins ................... | | | | | | 21.063.804 |

Tekjuaukningu samstæðunnar á milli fyrsta ársfjórðungs árið 2021 og 2020, að fjárhæð um 23 milljónir dollara, má að lang stærstum hluta rekja til aukningar á framleiðsluverðmætum á loðnu í uppsjávarfrystingu félagsins. Voru þannig tekjufærð framleiðsluverðmæti að fjárhæð um 25 milljónir dollara á fyrsta ársfjórðungi 2021 á meðan að engin framleiðsla var í uppsjávarfrystingunni á fyrri hluta ársins 2020.

# Skýringar

**3. Starfsþáttayfirlit, framhald**

| | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1 - 31.3 2020** | | | | | | |
| Seldar vörur .......................... | 13.383.168 | 15.995.405 | 4.213.330 | (3.999.566) | (1.628.450) | 27.963.887 |
| Aðrar tekjur ........................... | 0 | 0 | 146.945 | 0 | 0 | 146.945 |
| Hagnaður (tap) af sölu eigna .......................... | 0 | 1.213.500 | 0 | 0 | 0 | 1.213.500 |
| Kostnaðarverð seldra vara ......................... | 4.793.011 | 8.784.038 | 4.241.634 | (3.999.566) | (1.628.450) | 12.190.667 |
| Laun ...................................... | 4.950.481 | 2.676.466 | 271.916 | 0 | 0 | 7.898.863 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | 385.743 | 140.205 | 419.768 | 0 | 0 | 945.716 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir ....................... | 3.253.933 | 5.608.196 | (573.043) | 0 | 0 | 8.289.086 |
| Afskriftir fastafjármuna ........... | (1.477.786) | (1.002.015) | (22.576) | 0 | 0 | (2.502.377) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | (13.707.532) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | (1.330.423) |
| Tekjuskattur .......................... | | | | | | 1.584.164 |
| Hagnaður ársins ................... | | | | | | (7.667.082) |

**4. Birgðir**

| Birgðir greinast þannig: | 31.3.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Hráefni .......... | 2.819.251 | 1.439.348 |
| Fullunnar afurðabirgðir .......... | 25.871.874 | 19.569.564 |
| Rekstrarvörur .......... | 1.018.035 | 1.379.708 |
| Veiðarfæri .......... | 3.864.904 | 3.835.439 |
| | 33.574.064 | 26.224.059 |

Birgðaaukning tímabilsins stafar að stærstum hluta af fullunnum afurðabirgðum loðnu. Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 25,9 milljónir dollara þann 31.3.2021 samanborið við 19,6 milljónir dollara þann 31.12.2020. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunnina afurðabirgða í lok tímabilsins nema allt að 42,5 milljónum dollara í samanburði við 26,3 milljónir dollara í lok árs 2020.

**5. Skuldir við lánastofnanir**

Samstæðan hefur samið um endurfjármögnun langtíma- og skammtímaskulda við lánastofnanir ásamt því að tryggja sér lánsfjármagn til að styðja við frekari uppbyggingu og fjárfestingar. Endurfjármögnuninni er að fullu lokið í maí 2021.

| Langtímaskuldir við lánastofnanir: | 31.3.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD .......... | 51.957.014 | 48.546.912 |
| Skuldir í EUR .......... | 28.042.285 | 39.476.199 |
| Skuldir í GBP .......... | 15.824.371 | 0 |
| | 95.823.670 | 88.023.111 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda .......... | (6.824.844) | (54.647.863) |
| Langtímaskuldir í árslok .......... | 88.998.826 | 33.375.248 |

# Skýringar

## 5. Skuldir við lánastofnanir (framhald)

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða | 6.824.844 |
| Afborganir á árinu 2022-2023 | 6.824.844 |
| Afborganir á árinu 2023-2024 | 6.824.844 |
| Afborganir á árinu 2024-2025 | 6.824.844 |
| Afborganir á árinu 2025-2026 | 6.824.844 |
| Afborganir síðar | 61.699.450 |
| | 95.823.670 |

Til viðbótar við ofangreind lán á samstæðan eftir að draga á lánalínu hjá Nordea að fjárhæð 600 milljónir JPY, en dregið verður á þá lánalínu við afhendingu á uppsjávarskipinu Berki sem væntanlegur er í lok maí.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir:

Skammtímaskuldir samstæðunnar við lánastofnanir eru tilkomnar vegna kaupa á Bergi ehf. Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 31.3.2021 |
|---|---|
| Skuldir í USD | 8.000.000 |
| Skuldir í EUR | 8.207.585 |
| Skuldir í GBP | 11.419.974 |
| | 27.627.559 |

Samið hefur verið um endurfjármögnun skammtímaskulda samstæðunnar. Að lokinni endurfjármögnun munu skuldir við lánastofnanir og afborganir næstu ára greinast þannig:

| Langtímaskuldir við lánastofnanir: | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Skuldir í USD | 59.957.014 |
| Skuldir í EUR | 36.249.870 |
| Skuldir í NOK | 15.837.463 |
| Skuldir í GBP | 11.406.882 |
| | 123.451.229 |

Afborganir af langtímaskuldum að lokinni endurfjármögnun:

| | |
|---|---|
| Afborganir næstu 12 mánaða | 8.206.222 |
| Afborganir á árinu 2022-2023 | 8.206.222 |
| Afborganir á árinu 2023-2024 | 8.206.222 |
| Afborganir á árinu 2024-2025 | 8.206.222 |
| Afborganir á árinu 2025-2026 | 28.926.892 |
| Afborganir síðar | 61.699.449 |
| | 123.451.229 |

*Breyting á áhættuvarnarreikningsskilum*

Við endurfjármögnun samstæðunnar varð veruleg breyting á þeim áhættuvörðu liðum sem gert var ráð fyrir í forsendum áhættuvarnarreikningsskila hennar. Vegna þeirra breytinga ákvað samstæðan að hætta formlegum áhættuvarnarreikningsskilum.

# Skýringar

## 6. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| **Tímabilið 1. janúar - 31. mars 2021** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög | 288.553 | 1.081.064 | 541.757 | 854.011 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu | 25.521.905 | 1.389.738 | 23.541.407 | 103.438 |
| | 25.810.458 | 2.470.802 | 24.083.164 | 957.449 |

| **Árið 2020** | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskipta-kröfur | Viðskipta-skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hlutdeildarfélög | 232.750 | 1.723.325 | 298.339 | 161.180 |
| Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu | 85.615.515 | 12.428.981 | 25.829.902 | 490.119 |
| | 85.848.265 | 14.152.306 | 26.128.241 | 651.299 |

## 7. Kaup á Bergi ehf.

Í október gerði félag í samstæðunni, Bergur-Huginn ehf., samning um kaup á öllum útistandandi eignarhlutum í útgerðarfyrirtækinu Bergi ehf. í Vestmannaeyjum. Samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem lá fyrir þann 25. febrúar 2021, sem er yfirtökudagur samstæðunnar.

Bergur ehf. gerir út togarann Berg VE 44. Aflaheimildir Bergs eru um 0,36% af heildarkvóta á fiskveiðiárinu 2020-2021 eða sem nemur 1,514 þorskígildistonnum. Með kaupunum á þessu öfluga fyrirtæki styrkir samstæðan rekstur sinn í útgerð og botnfiskveiðum og dreifir enn frekar ýmisri rekstraráhættu sem gæti orðið vegna samþjöppunar og áherslu á eina tegund útgerðar.

| **Kaupverð** | |
|---|---|
| Greitt með peningum | 39.640.127 |
| **Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði** | Gangvirði |
| Veiðiheimildir | 45.791.010 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3.094.580 |
| Vörubirgðir | 21.668 |
| Viðskiptakröfur | 6.983 |
| Aðrar skammtímakröfur | 5.206 |
| Handbært fé | 179.500 |
| Tekjuskattsskuldbinding | (9.458.820) |
| Nettó eignir keyptar | 39.640.127 |

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 25.2.2021. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð milli félaga innan samstæðu. Engin viðskiptavild er færð í samstæðunni þar sem allt yfirverð er heimfært á veiðiheimildir og fiskiskip að frádreginn tekjuskattsskuldbindingu. Gangvirði annarra eigna og skulda var metið jafnt bókfærðu verði viðkomandi liða í efnahagsreikningi Bergs ehf. Engin niðurfærsla var færð vegna viðskiptakrafna. Í samræmi við ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla hefur samstæðan 12 mánuði til að yfirfara endanlega útdeilingu kaupverðs.

Í samstæðureikninginn koma á fyrsta ársfjórðungi ársins aðrar tekjur frá Bergi ehf. að fjárhæð 210,9 þúsund dollara og hagnaður að fjárhæð 88 þúsund dollara.

| | |
|---|---|
| Greiðslur færðar vegna kaupa á Bergi ehf | 39.640.127 |
| Handbært fé til staðar í Bergi ehf við kaup | (179.500) |
| Nettó greiðslur færðar á meðal fjárfestingahreyfinga í sjóðsstreymi | 39.460.627 |

# Skýringar

## 8. SVN eignafélag

*Arðgreiðsla SVN eignafélag:*
Hluthafafundur Síldarvinnslunnar sem haldinn var þann 26. mars 2021 ákvað að færa eignarhlut félagsins í dótturfélaginu SVN eignafélagi ehf. að öllu leyti til hluthafa með arðgreiðslu. Arðgreiðsludagur er 9. apríl 2021 en verðmæti eignarhlutarins miðast við 25. mars 2021. Verðmæti eignarhluta í SVN eignafélagi ehf. er að lang stærstum hluta fólgið í 14,54% eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Í árshlutareikningi er ógreidd arðgreiðsla að fjárhæð 52,3 milljón dollara færð meðal skammtímaskulda, sem verður greidd þann 9.4 2021. Vegna færslu eignarhlutans í SVN eignafélagi til hluthafa mun þann dag myndast bókfærður söluhagnaður að fjárhæð 24,2 milljónir dollarar á öðrum ársfjórðungi 2021.

Vegna þessara færslna á uppgjörsdegi 31. mars 2021 er eiginfjárhlutfall samstæðunnar tímabundið 58%. En með greiðslu arðsins 9. apríl 2021 lækka skammtímaskuldir um 52,3 milljónir dollara og söluhagnaður upp á 24,2 milljónir dollara bætist við óráðstafað eigið fé, við þá breytingu fer eiginfjárhlutfall samstæðunnar í 65%.

## 9. Önnur mál

*Skráning á aðallista kauphallarinnar*

Í maí 2021 var gengið frá skráningu hlutabréfa Síldarvinnslunnar á aðallista kauphallarinnar. Hlutafjárútboð þar sem 26,3% hlutur félagsins var boðinn til sölu fór fram 10. - 12. maí 2021.

*Skip í smíðum*
Félagið hefur gert samning við danska skipasmíðafyrirtækið Karstensens Skibsværft AS um smíði á nýju uppsjávarskipi og hófst smíði skipsins um mitt ár 2019. Gert er ráð fyrir að skipið muni verða afhent um mitt ár 2021. Heildarfjárfesting samkvæmt samningi nemur DKK 253,4 milljónum og hefur félagið greitt inná fjárfestinguna á smíðatímanum til samræmis við samning.

*Samruni Síldarvinnslunnar hf. og Runólfs Hallfreðssonar ehf*
Í upphafi apríl mánaðar 2021 var gengið frá kaupum á eftirstæðum 12,4% hlut í dótturfélaginu Runólfi Hallfreðssyni ehf., og er félagið í 100% eigu Síldarvinnslunnar að kaupunum loknum. Ákveðið hefur verið að sameina félögin undir nafni Síldarvinnslunnar hf., frá og með 1. júlí 2021.

*Fiskimjölsverksmiðja í Neskaupstað:*
Þann 4. mars 2021 var undirritaður samningur við vélsmiðjuna Héðin um smíði á 380 tonna fiskimjölsverksmiðju sem sett verður upp í Neskaupsstað. Jafnframt er fyrirhugað að stækka núverandi verksmiðju um 600 tonn á sólahring og munu heildarafköst starfseminnar því verða 2.380 tonn á sólahring að þessum framkvæmdum loknum. Samningsfjárhæðin vegna 380 tonna verksmiðjunnar nemur um 1,7 milljarði króna (USD 13,5 milljónir) og er gert ráð fyrir að verksmiðjan verði afhent á fyrri hluta ársins 2022.